

Fræðslufundur fyrir foreldra

Dalvíkurbyggð 15. sept. 2016



Brynja Baldursdóttir
Elsa Pálsdóttir
Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir

Þjóðarsáttmáli um læsi

Samningur ríkis og sveitarfélaga

- „Við munum vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018.“
- Þegar meðaltal síðustu fimm ára í lesskilningshluta samræmdra prófa í 10.bekk í íslensku í Dalvíkurbyggð eru gerðar sambærilegar við niðurstöður PISA frá 2012 þá ná 72% nemenda þessu markmiði.



Þjóðarsáttmáli
um læsi
Samningur ríkis og sveitarfélaga



Dalvíkurbyggð og mennta- og menningarmálaráðherra gera með sér eftirfarandi samning:

Með undirritun okkar staðfestum við sameiginlegan skilning á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Við munum vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018. Þegar meðaltal síðustu fimm ára í lesskilningshluta samræmdra prófa í 10. bekk í íslensku í Dalvíkurbyggð eru gerðar sambærilegar við niðurstöður PISA frá 2012 ná 72% nemenda þessu markmiði.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í samræmi við stefnu sem kynnt er í Hvitbók um umbætur í menntun ákveðið að beina kröfum sínum að því að auka lestrarferni og læsi ungs fólks á Íslandi. Sjóðir á veggum ráðuneytisins á leik- og grunnskólastigi verða með sérstaka áherslu á lestur og læsi meðan samningurinn er í gildi. Menntamálastofnun hefur verið falin framkvæmd eins og nánar er tilgreint í samningi þessum og gerður verður sérstakur samningur við Heimili og skóla, landsamtök foreldra.


Menntamálastofnun:

- Veitir sveitarfélaginu stuðning og ráðgjöf við að ná markmiðum sínum.
- Lætur skólum í té viðeigandi skimunarpróf.
- Aðstoðar kennara í sveitarfélaginu við að greina niðurstöður mælinga og ákveða aðgerðir í kjölfarið.
- Rekur virka upplýsingagátt þar sem þekkingu um læsi, kennslu og þróunarstarf verður miðlað til skólasamfélagsins.
- Efnir til árlegrar námsstefnu um læsi.

Dalvíkurbyggð:

- Setur sér markvissa læsisstefnu í samræmi við ákveðið í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.
- Ákveður lágmarksviðmið um lestrarhraða, lesskilning, orðaforða og ritferni í samræmi við aðalnámskrá.
- Mælir reglubundið les hraða, lesskilning, hljóðkerfisvitund og málþroska og nýtir niðurstöður þeirra og samræmdra könnunarprófa á markvissan hátt.
- Beirir snemmtækri íhlutun í leik- og grunnskólum og bregst jafnóðum við viðbendingum um lestrarvanda.
- Nýtir markvissr sérfræðipjónustu sína til ráðgjafar, greiningar og eftirfylgni.
- Veitir nemendum af erlendum uppruna sérstakan stuðning með það fyrir augum að þeir nái virku tvtýngi og sömu viðmiðum í læsi og aðrir nemendur.
- Leggur áherslu á samvinnu við foreldra og foreldrafélög til að ná markmiðum samningsins.


Mennta- og menningarmálaráðherra
04.08.2015.
Dagsetning


Dalvíkurbyggð
Hugborg Inga Hardardóttir
Heimili og skóla, landsamtök foreldra



Þjóðarsáttmáli um læsi

Haustið 2015 undirrituðu menntamálaráðherra og forsvarsmenn sveitafélagaa ásamt fulltrúum Heimilis og skóla undir *Þjóðarsáttmála um læsi*.

Að horfa á nám og kennslu nemenda sem samfellu frá 2 – 16 ára.

Markmiðið er að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns.


Markmiðið er að *Þjóðarsáttmáli um læsi* festist í sessi og verði hluti af almennu skólastarfi til framtíðar.

Hvaða leið er valin er undir skólunum komið.

Framlag ráðuneytisins verður í formi ráðgjafar, stuðnings, lesskimunar og aukins samstarfs við foreldra.

Hvers vegna þjóðarsáttmáli um læsi?

Þróun lesskilnings frá 2000 - 2012




Mynd 1. Þróun frammistöðu í lesskilningi, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi á Íslandi frá 2000 til 2012

Hvað er átt við með því að segja að einhver geti ekki lesið sér til gagns?

- Í kenningaramma PISA er lesskilningi skipt í fimm hæfniprep (auk þess sem nemendur geta lent undir 1. þrepi).
- Líta má á þrep 2 sem þá lágmarksfærni í lestri sem nemendur þurfa að búa yfir svo að þeir geti náð árangri í lífinu seinna meir.
- Þeir sem lenda þar fyrir neðan eru ekki beinlínis ólæsir en þeir;
 - lenda frekar í vandræðum á næsta skólastigi,
 - eiga erfitt með að tileinka sér námsefni og nýta sér kennslu
 - eiga erfitt með að taka virkan þátt í samfélaginu
 - búa við minni lífsgæði (skilja t.d. illa skriflega samninga).

Hefur það gjarnan verið nefnt „að geta ekki lesið sér til gagns”.

Hæfniprep lesskilnings 2000-2012



Mynd 5. Hæfnisþrep lesskilnings 2000 til 2012 á Íslandi

Hver er skilgreiningin á læsi?

- Við vinnu Hvítbókar var höfð að leiðarljósi skilgreining á læsi frá *The International Association for the Evaluation of Educational Achievement* (IEA):
- „Læsi vísar til hæfninnar til að skilja og nota ritmál tungunnar í samræmi við kröfur samfélagsins og/eða óskir einstaklings. Í því felst að börn og ungmenni geti tileinkað sér ýmiss konar texta og lagt í hann merkingu. Þeir lesi til að læra, til að taka þátt í samfélagi lesenda í skóla og daglegu lífi og þeir lesi sér til ánægju.“

Lestrarferlið

- Lestur er eitt flóknasta ferlið sem mannsheilinn fæst við.
- Margar stöðvar í heilanum vinna saman og skiptast á upplýsingum með leifturhraða.
- Til að ná upp góðum lestrarhraða þarf nemandinn að öðlast ákveðna sjálfvirkni við lesturinn.
- Sjálfvirkni kallast það þegar nemandinn þekkir heilar orðmyndir og þarf því ekki að hljóða sig í gegnum hvert einstakt orð.
- Lesfimi byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynænum þáttum.
- Lesfimi getur bæði takmarkað og stutt lesskilning.

Hugmyndafræðin

- Litið er á læsi sem samvirkt ferli sem hefst þegar barnið er nýfætt.
- Horft á lestrarferil barns frá 2-16 ára.
- Foreldrar sem mikilvægir samstarfsaðilar.
- Læsi sem samfélagslegt verkefni t.d. með þátttöku heilsugæslu, bókasafns, foreldrafélaga, félags eldri borgara.
- Virk fagleg samvinna milli skólastiga – bæði skólastigin jafn mikilvæg.
- Skýr samstarfsáætlun milli skólastiga.
- Ekki samkeppni milli skóla heldur vinna að sameiginlegu markmiði.

Af hverju læsi í leikskóla?

- Gott læsi er nauðsynlegt til að hver og einn geti nýtt hæfileika sína til fulls samfélaginu öllu til góða.
- Í leikskóla er lagður mikilvægur grunnur í undirstöðupáttum læsis.
- Málþroskinn vegur þar þyngst og er eitt mikilvægasta verkfærið í að leggja grunn að læsi.
- Leikskólaaldurinn er mikill grósku- og framfaratími í málþroska barna.
- Hvernig til tekst á þeim tíma getur skipt sköpum fyrir áframhaldandi nám og þroska á öllum sviðum.

Grunnþættir læsis í leikskóla

- Orðaforði/málskilningur
- Hljóðkerfisvitund
- Bókstafir og hljóð



Orðaforði

- Hafa orð á hlutum og athöfnum.
- Nota orð við mismunandi aðstæður.
- Nota fjölbreyttan orðaforða.
- Spyrja opinna spurninga.
- Nota valspurningar.
- Gera kröfur um að börnin svari.
- Endurtaka orð og setningar rétt.
- Útskýra orð og hugtök.
- Vera góðar fyrirmyndir.

Hljóðkerfisvitund

- Nota einfalda leiki til að efla hljóðkerfisvitund.
- Ríma og klappa samstöfur.
- Setja saman og taka í sundur orð.
- Hlusta eftir hljóðum í orðum.
- Tengja saman hljóð orða eftir heyrn.
- Nýta fjölbreytt spil og annan efnivið til að vinna með hljóðkerfisvitund.
- Nýta öll tækifæri sem gefast.

Bókstafir og hljóð

- Vekja athygli á ritmálinu í umhverfinu.
- Hafa bókstafi sýnilega í umhverfinu.
- Kynna hljóð bókstafanna á fjölbreyttan hátt.
- Glæða leik barnanna með bókstöfum.
- Gott aðgengi að læsishvetjandi leikefni.
- Hafa aðgengi að málörvunarefni í snjalltækjum.

Lestur með börnum

- Verum dugleg að lesa fyrir börnin, skoða myndir, benda á og nefna.
- Veljum bækur sem hæfa aldri og áhuga.
- Vekjum athygli á nýjum orðum, ræðum merkingu þeirra og notum í daglegu tali.
- Höfum bækur sýnilegar og aðgengilegar.



Áhrifaríkur lestur

- Skoða kápu bókarinnar og ræða um heiti hennar.
- Um hvað ætli bókin fjalli?
- Hvað vitum við meira um það?
- Lesa stuttan kafla og ræða innihaldið.
- Spyrja “Af hverju heldur þú að ... ?”
- Spyrja út í söguna.
- Lesa á lifandi hátt.
- Passa að bókin hæfi aldri og þroska barnsins.



Læsishvetjandi umhverfi

- Hafa bækur, blöð og skriffæri sýnileg og aðgengileg.
- Bjóða upp á fjölbreytt spil.
- Leikefni með bókstöfum.
- Hlusta á sögur.
- Gefa gaum að bókstöfum og orðum.
- Syngja og hlusta á tónlist.
- Vera fyrirmýndir.

Tala ríkulegt mál við barnið, hlusta á það og hvetja það til frásagnar

Að virkja áhugann

- Nýta áhugamál barnanna

- Dýr
- Vísindi
- Bakstur




- Nýta fyrirmyndir

- Barnaefni
- Íþróttafólk
- Tónlistarfólk




Að virkja áhugann



Læsi - eldri börn

Þurfa að geta

- lesið texta hratt og vel.
- skilið það sem lesið er.
- dregið ályktanir út frá innihaldi texta.
- komið upplýsingum frá sér munnlega eða skriflega.
- notað stafræna tækni og miðla.
- lesið úr myndrænu efni.
- lesið í umhverfið.



Lestur byggist á tveimur hugrænum aðgerðum

- Umskráning/umkóðun
- Málskilningur
- Nemandi telst ekki læs nema hann skilji þann texta sem hann les (Hoover og Gough, 1990).
-

Þjálfunarþátturinn – Að styrkja taugatengingar

- Til að ná upp færni þarf þjálfun... og til að verða enn betri í einhverju þarf stöðuga og mikla þjálfun.
- Rannsóknir sýna að áhrif þjálfunar eru því meiri, því fyrr sem gripið er inn í ferlið með snemmtækri íhlutun.
- Hægt hefur verið að sýna fram á jákvæð áhrif þjálfunar, meðal annars hljóðkerfisþjálfunar, á virkni heilastöðva í vinstra heilahveli barna með dyslexíu (Richards, 2001).
- Með stöðugri þjálfun er verið að styrkja taugatengingar/brautir í þeim svæðum heilans sem koma að stjórn viðkomandi færni (Edelman, 1993; Hermundur Sigurmundsson, 2015).

Þjálfun/endurtekning

- Góður árangur byggist á markvissri þjálfun.
- Þjálfun er mikilvæg í íþróttum – afreksíþróttafólk.
- Þjálfun er mikilvæg í tónlistarnámi.
- Hvert er viðhorf okkar til þjálfunar í námi?
- En viðhorf okkar til þjálfunar í lestri?

Lestrarþjálfun heima

- Lesa daglega í 10 – 15 mínútur – hafa fastan tíma.
- Velja hæfilega þunga texta en samt fjölbreytta.
- Lesa upphátt.
- Lesa til skiptist.
- Lesa bækur saman og ræða efni textans (sögupráð, persónur, boðskap o.fl.).
- Rýna í orðin og byggja upp orðaforða.
- Hafa athygli á lestri barnsins.
- Endurtekinn lestur eykur sjálfvirkni og byggir upp sjálfvirkan orðaforða.
- Skapa notalegt andrúmsloft og afslappað – gæðastundir.
- Nýta fjölbreytt tækifæri; það má lesa fyrir ólíka aðila s.s. systkini, gæludýr o.fl.
- Hlusta á hljóðbækur t.d. í bílnum.

Aðferðir sem efla lesfimi

- Samkvæmt rannsókn *National Reading Panel* (2000) er árangurríkast til að efla lesfimi að nota kennsluáðferðir sem byggja á stýrðum, endurteknum raddlestri (guided repeated oral reading):
 - Endurtekinn lestur
 - Bergmálslestur
 - Framsögn
 - Leikrænn lestur
 - Myndatextalestur
 - Hljóðbókalestrur
 - Hraðlestur
 - Parlestur
 - Kórlestur
 - Mínútulestur



Fimman


Góð leið til þess að ná upp lestrarhraða

- Lestur í 5 mínútur daglega, í fyrirfram ákveðinn tíma
- Texti er lesinn á tíma, í eina mínútu í senn 5x
- Endurtekinn lestur
- Skráning; eftir hverja mínútu er tölustafur eða bókstafur settur þar sem mínútulestri lauk og lestur byrjar við upphaf texta að nýju



Hvers vegna er mikilvægt að nemendur lesi daglega?

- Lestur þarf að æfa daglega til að byggja upp góða umskráningarfærni og lesfimi.
- Lesfimi þarf að viðhalda eins og hverri annarri færni.
- Daglegur lestur eykur orðaforða barna og eflir þar með lesskilning.



(Nagy og Herman, 1987).

Helstu undirstöðupættir lesskilnings

- Talmál.
- Málfærni og málskilningur.
- Orðaforði.
- Hljóðkerfisvitund og umskráning.
- Bakgrunnsþekking.
- Ályktunarfærni.
- Vinnsluminni.
- Námsvitund.

(Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:230-232)

Mismunandi lesskilningsaðferðir

- Forspá.
- Að hugsa upphátt.
- Aðferðir sem efla orðaforða.
- Uppbygging texta.
- Myndræn framsetning.
- Samantekt.
- Spurningar /að vera spurður.
- Námsvitund.

(Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:114-115)

Tölum við börnin okkar – líka unglínginn

- Í daglega lífinu er auðvelt að tala lítið sem ekkert við börnin sín. Þá verður orðaforði mjög einfaldur og fátæklegur.
- Færa daglegar athafnir í orð.
- Mikil munur á orðaforða 3ja ára barna eftir því hversu mikið er talað við þau. (Hart og Risley 1995)

Hvað einkennir góða lesara?



- Góð hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Þeir hafa gott næmi fyrir tengslum stafs og hljóðs og eiga auðvelt með að vinna með hljóð tungumálsins.

- Góður málskilningur og málþroski.

Þeir hafa góða þekkingu á málinu, góða máltjáningu og orðaforða.

- Góð sjálfvirkni – góður leshraði.

Þeir lesa hratt, fyrirhafnarlaust og geta beint allri athygli að textanum sem er forsenda góðs lesskilnings.

(Steinunn Torfadóttir)

Ráðleggingar til foreldra


- Lesa áfram fyrir börnin þó þau séu farin sjálf að lesa.
- Vera góðar lestrarfyrirmyndir.
- Tala jákvætt um lestur.
- Fara reglulega á bókasafnið.
- Hafa bækur sýnilegar heima.
- Fara stundum í bókabúðir.
- Hafa áhuga á lestri annarra barna – vina – fjölsk.
- Vera til staðar – börnum finnst návist yfirleitt góð.

Hvað gerist ef ekkert er lesið í lengri fríum?

- Mörg dæmi um að lestrarfærni nemenda versni yfir sumarmánuðina og nemendum fari aftur í lestri.
- Einkum er hættu á þessu þegar nemendur hafa glímt við lestrarerfiðleika en þá getur bakslagið jafnvel orðið það mikið að lestrarfærni að hausti (í atkvæðum talið) stendur á sama stað og í byrjun árs.
- **Það þýðir í raun að heil önn hefur tapast.**

Dæmi um afturför í leshraða yfir sumarmánuðina (Graf unnið af Önnu Láru Pálsdóttur og Þórunni Grétarsdóttur)

Þróun leshraða frá 1. – 7. bekkjar (drengur með lestrarerfiðleika)



Heimili og skóli

Læsissáttmáli



Velgengni

- Gleðjumst með börnunum okkar þegar vel gengur.
- Hvetjum þau þegar gefur á bátinn.
- Segjum við þau: Mig langar til þess að þér gangi vel!
- Að þau séu með í ferðalaginu – að þau geri sér grein fyrir því hvað það er mikilvægt að vera vel læs.

Takk fyrir og gangi ykkur vel!

